

**223. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 20. september 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun**

*Skóla- og frístundaráði hafa borist ábendingar um óskýrleika í orðalagi í reglum um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum. Ráðið leggur til orðalagsbreytingar sem áréttar að allar greiðslur reiknast frá þeim mánaðardegi sem barn nær niðurgreiðslualdri. Skóla- og frístundaráð vísar breyttum reglum til staðfestingar í bæjarstjórn.*

**2. 2309171 - Skóla- og frístundasvið - lykiltölur skólaárið 2023-2024**

Samantekt á lykiltölum frá stofnunum á skóla- og frístundasviði. Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

*Lagt fram til kynningar.*

Áheyrnarfulltrúar Grundaskóla víkja af fundi.

**3. 2309022 - Íþróttahúsið Vesturgötu - loftgæði**

Kynning á niðurstöðum úttektar Verkís á íþróttahúsinu á Vesturgötu.

Áheyrnarfulltrúar Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið ásamt Guðmundu Ólafsdóttur framkvæmdarstjóra ÍA, Hrönn Ríkharðsdóttur formanns ÍA og Daníel Sigurðssyni Glad forstöðumanni íþróttamannvirkja og íþróttamála.

*Fyrir liggur minnisblað Verkís um úttekt á húsnæði íþróttahússins við Vesturgötu sem framkvæmd var nú í september 2023.*

*Úttektin leiddi í ljós ófullnægjandi rakavarnarlag í þaki, ónýtt byggingarefni í neðri hluta þaks, gaflveggjum og í veggjum ofan við áhorfendastúku. Einnig kemur fram að loftræsingu salarins er ábótavant.*

*Ljóst er að framundan er viðamikil verk við endurhönnun og framkvæmdir við íþróttahúsið sem ná til alls hússins að undanskildu suðurandyri, búningsklefum, fimleikahúsi og þekju.*

AMS

Tekin hefur verið ákvörðun um að ráðast strax í endurbætur og loka íþróttasal og kjallara hússins frá og með fimmtudeginum 21. september n.k. Búið verður þannig um væntanlegt framkvæmdarsvæði að hægt verður að halda áfram starfsemi í fimleikahúsi og þekju, ásamt því að nýta búningasklefa og anddyri við fimleikahús (suðuranddyri).

Náið samráð verður haft við forsvarsmenn notenda hússins við gerð aðgerðaráætlunar þar sem markmiðið er að halda áfram úti skóla- og íþróttastarfi sem fram hefur farið í húsinu, á verktímanum. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og útfærslu verða sendar til þeirra sem málið varðar af skólastjórnendum, framkvæmdarstjóra ÍA og forstöðumanni íþróttamannvirkja og íþróttamála.

Bæjaryfirvöld munu á næstunni vinna að nákvæmri tímalínu, hönnun og útboði í tengslum við endurbæturnar á íþróttahúsinu en leitast verður við að stytta verktímann eins og kostur er.

Skóla- og frístundaráð mun fylgja verkefninu vel eftir í samstarfi við skipulags- og umhverfisráð og staða framkvæmda tekin upp með reglubundnum hætti í ráðinu. Frekari upplýsingar verða veittar eftir því sem þær liggja fyrir.

#### 4. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026

Framhaldsumræða um drög að viðauka við þjónustusamning milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness sem gerður er til að skýra mistúlkandi ákvæði/atriði samningsins. Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA, Hrönn Ríkharðsdóttir formaður ÍA og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja- og íþróttamála sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð felur Guðmundu og Daníel að vinna málið áfram í samstarfi við sviðsstjóra. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi ráðsins.

#### 5. 2309169 - Tómsstundaframlag - nýting 2022

Kynning á nýtingu tómsstundaframlags fyrir árið 2022 og það sem af er ársins 2023. Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA, Hrönn Ríkharðsdóttir formaður ÍA og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja- og íþróttamála sitja fundinn undir þessum lið.

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45.**

Jonína Magnét Sigmundsdóttir  
Lín L. Skarvæð  
Einar Brandsson